

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars í máli nr. E-2814/2016:

A.

(Hlöðver Kjartansson lögmaður)

gegn

B

(Pétur Már Jónsson lögmaður)

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 21. júlí 2016 og dómtekið 26. febrúar 2018. Stefnandi er Þrotabú A [...], og stefndi B [...]. Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að rift verði með dómi greiðslu A ehf [...], að upphæð 5.665.912 kr. til stefnda, sem fram fór 15. ágúst 2014 og fólst í afhendingu skuldabréfs að þeirri fjárhæð, útgefnu af H [...], til greiðslu skuldar stefnda á viðskiptareikningi hans hjá A.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda aðallega 5.665.912 kr., en til vara 1.482.922 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. ágúst 2014 til greiðsludags.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af kröfu stefnda og til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar.

I.

Málsatvik og helstu ágreiningsefni:

Bú A[...] var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 2015. Frestdagur við skiptin er 9. mars 2015. Félagið var stofnað árið 2002 og voru upphaflegir hluthafar Þ[...] og H ehf.[...]. Hlutur H ehf var seldur M ehf. árið 2011 og undirritar Þ samninginn f.h. M ehf. Nafni þess félags var síðar breytt í MT ehf. Eigandi þess félags er S, sem er eiginkona Þ. Síðar sama ár seldi M ehf. hlutinn til F ehf. og undirritaði Þ samninginn f.h. M ehf., en hann var stjórnarformaður og prókúruhafi A ehf. frá árinu 2011 til 8. apríl 2015. AS undirritaði samninginn fyrir F ehf., en hún var prókúruhafi og í stjórn þess félags á þeim tíma. Hluthafahópur A ehf. tekur verulegum breytingum árið 2013, en þá er M ehf. stærsti hluthafinn með 26% hlut. Í nóvember 2013 seldi E ehf. A ehf. allt

hlutafé í F ehf. og I ehf. ásamt 94% hlutafjár í AU ehf. Eigendur E ehf. voru m.a. M ehf., sem átti 50% eignarhlut í félaginu, og AS, sem átti 12,5%, en hún var einnig eigandi 7,25% hlutafjár í A ehf. og sat í stjórn félagsins. A ehf. keypti einnig allt hlutafé í S ehf. af C ehf. Markmiðið með þessum kaupum var að sameina starfsemi nokkurra stórra [...] í einu og sama fyrirtæki, og ná fram aukinni framlegð með samrekstri þeirra. Í kjölfarið var nafni [...] breytt í A ehf. Frá 30 desember 2013 voru tveir framkvæmdastjórar hjá félaginu en frá 21. maí 2014 var annar þeirra, P, einn framkvæmdastjóri. Samrekstrinum var hætt um mitt ár 2014 og gert sérstakt samkomulag um það milli hluthafa félagsins þann 4. júlí 2014. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir að slit félagsins skyldu miðast við 30. júní 2014 í samræmi við 83. gr. a í lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Þann 30 júní 2014 var móttekin í hlutafélagaskrá yfirlýsing frá P um afsögn hans sem framkvæmdastjóra og afturköllun á prókúru. Frá þeim tíma var enginn skráður framkvæmdastjóri í félaginu fyrr en 8. apríl 2015.

Þann 15. ágúst 2014 greiddi félagið stefnda skuld að fjárhæð 4.182.900 kr. með afhendingu á skuldabréfi að fjárhæð 5.665.912 kr., útgefnu af H, til A ehf. Skuldabréfið bar 6% ársvexti frá 1. ágúst 2014 og skyldi greiðast með 10 afborgunum, í fyrsta skipti 2. október 2014. Skuldabréfið er að fullu greitt. Ofgreiðsla félagsins með skuldabréfinu nam því 1.482.922 kr. Sú fjárhæð var greidd til E ehf., sem er félag í 50% eigu M ehf. (síðar MT ehf.) en eigandi alls hlutafjár í því félagi er S, eiginkona Þ. Þ er jafnframt einn af stofnendum E ehf.

Forsvarsmáður stefnda er K, en hann er og hefur verið stjórnarformaður stefnda, framkvæmdastjóri og prókúruhafi síðan 1999. Hann er eigandi 34,1% hlutar í stefnda auk þess sem hann er eigandi 50% hlutafjár í G hf., sem er eigandi 35% hlutar í stefnda. K og Þ eru bræður.

Samkvæmt síðasta frágengna ársreikningi fyrir A ehf. var eigið fé félagsins í árslok 2012 neikvætt um 4.235.638 kr. Hluthafar félagsins í árslok 2012 voru S ehf., AU ehf. og F ehf., allir með 33,3% hlutafjár. Árið 2014 keypti EI allt hlutafé E ehf. í S ehf. og AU ehf., auk hlutfjár í I ehf. M er eigandi 25% hlutar.

F lögmaður var stjórnarformaður félagsins A ehf., framkvæmdastjóri og prókúruhafi frá 8. apríl 2015. Í skýrslutöku hjá skiptastjóra upplýsti hann að tap á rekstri félagsins á fyrri hluta ársins 2014 og fram til 30. júní það ár hefði verið um tíu milljónir á mánuði og skuldir félagsins mun meiri en eignir.

Ágreiningur er um það hvort stefnandi og stefndi séu tengdir aðilar í skilningi laga um gjaldþrotaskipti, hvort um gjafagerning hafi verið að ræða, hvort félagið hafi verið gjaldfært þrátt fyrir greiðsluna, hvort greitt hafi verið með óeðlilegum greiðslueyri og hvort greiðslan hafi verið ótilhlýðileg, og um fjárhæð endurgreiðslukröfu, auðgun og upphaf dráttarvaxtakröfu.

Fyrir dóminum gaf skýrslu K sem aðili og vitnaskýrslur gáfu þeir G, Ó, F og Þ.

II.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi heldur því fram að félagið hafi ekki verið gjaldfært í skilningi 131. gr., 134. gr. og 141. gr. gjaldþrotalaga og það hafi forsvarsmönnum félagsins verið eða a.m.k. mátt vera ljóst. Þetta hafi sett heimildum þeirra til greiðslna og annarra ráðstafana veruleg takmörk, enda hafi komið á daginn að félagið stæði í verulegri skuld vegna forgangskrafna við gjaldþrotaskiptin. Kröfuhöfum hafi verið mismunað með því að greiða nákomnum í skilningi 3. gr. gjaldþrotalaga, þ.m.t. stefnda og öðrum, verulegar fjárhæðir með eignum félagsins.

Stefnandi byggir á því að stefndi sé nákominn í skilningi 3. gr. gjaldþrotalaga með vísan til þess að Þ og K eru bræður auk þess sem sá síðarnefndi á stóran eignarhlut í stefnda. Þ hafi misnotað stöðu sína hjá félaginu til að ráðstafa eignum þess til stefnda. Þá hafi hann í samráði við bróður sinn ráðstafað ofgreiðslu á skuldabréfinu til E ehf., sem sé félag að verulegu leyti í eigu M sem að öllu leyti sé í eigu eiginkonu hans, auk þess sem Þ sé eini stjórnarmaður M ehf., prókúruhafi og framkvæmdastjóri samkvæmt ársreikningi M fyrir árið 2014. Þessi misnotkun sé andstæð meginreglu gjaldþrotaskiptalaga um jafnræði kröfuhafa.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína aðallega á 1. málslið 2. mgr. 131. gr. gþl. og endurgreiðslukröfuna á 1. mgr. 142. gr. gþl. Um hafi verið að ræða gjöf í skilningi ákvæðisins að öllu leyti, en þó að minnsta kosti að hluta með ofgreiðslunni að upphæð 1.482.922 kr. sem E ehf. hafi síðar tileinkað sér í eigin þágu og eigenda sinna. Stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir því við beitingu þessa ákvæðis að þrotamaður hafi er gjöfin var afhent verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Með sömu rökum, og þeim til viðbótar, er riftunarkrafan til vara byggð á því að stefndi sé nákominn, sbr. 2. málslið 2. mgr. 131. gr. gþl., og endurgreiðslukrafan er sömuleiðis byggð á 1. mgr. 142. gr. gþl. Stefnandi vísar til þess að riftun á grundvelli 131. gr. gþl. byggist á hlutlægu mati á því hvort og þá að hvaða marki mismunur sé á því endurgjaldi sem greiðandi fái í hendur og þeim verðmætum sem látin séu af hendi í raun. Ekkert raunverulegt eða réttmætt endurgjald hafi komið fyrir þessar greiðslur.

Riftunarkrafan er einnig reist á 134. gr. gþl. og endurgreiðslukrafan á 1. mgr. 142. gr. gþl. Nákomnum hafi verið greidd skuld sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag, bæði með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var, vegna fjárhagstöðu félagsins þann 15. ágúst 2014. Þá hafi verið greidd fjárhæð sem skerti greiðslugetu félagsins verulega. Greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir

atvikum, enda engar líkur til þess að samið hafi verið um endurgreiðslu skuldarinnar með þessum hætti þegar til hennar var stofnað. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því síðastgreinda og einnig að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær, og það þrátt fyrir greiðsluna.

Stefnandi byggir riftunarkröfuna einnig sjálfstætt á 141. gr. gþl. og endurgreiðslukröfuna á 3. mgr. 142. gr. gþl. Greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra og leitt til þess að eignir þrotamannsins urðu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, þ.m.t. forgangskröfuhöfum, enda hafi félagið verið ógjaldfært eða orðið það vegna greiðslunnar og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að greiðslan væri ótilhlýðileg. Skuldin hafi verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri, enda hafi átt að greiða viðskiptaskuldina við stefnda með peningagreiðslu mánaðarlega. Þá eru tengsl aðila slík að verulega slakni á sönnunarbyrði stefnanda fyrir þeim atvikum sem stefnanda beri að sanna við beitingu hinnar huglægu riftunarreglu. Með umræddri greiðslu hafi ekki verið ráðstafað eigin fjármunum stefnanda heldur þeim sem ganga áttu til fullnustu á kröfum lánardrottna stefnanda og þetta því verið gróft brot á jafnræðisreglum gjaldþrotalaga, sem kunni að varða við 250. gr. 1. mgr. 4. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Forsvarsmanni félagsins hafi ekki getað dulist hver var fjárhagsleg staða félagsins eða honum hafi borið að sýna a.m.k. hæfilega aðgæslu í því efni.

Stefnandi vísar til þess að félaginu hafi þann 15. ágúst 2014, og raunar mun fyrr, verið skylt að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 64. gr. gþl. Umrædd greiðsla hafi verið andstæð skyldum stjórnarformanns félagsins samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, sbr. einkum 39. gr., 44. gr. og 108. gr. þeirra laga, um að gæta hagsmuna þess og hafa þá í fyrirrúmi og kröfuhafa þess almennt og þá einkum forgangskröfuhafa.

Varakrafa stefnanda byggir á því að endurgreiðsla á ofgreiddri fjárhæð til E ehf. þann 17. nóvember 2015 geti ekki leyst stefnda undan greiðsluskyldu sinni á skuldinni við stefnda á þeim tíma sem bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og eftir að innköllun skiptastjóra hafði verið birt tvívegis í Lögbirtingablaði, þ.e. [...] 2015, og þar með öllum verið orðið kunnugt um gjaldþrotið. Því geti stefndi ekki borið því við að honum hafi ekki verið um það kunnugt. Telur stefnandi að þessi greiðsla geti varðað þá sem að henni komu refsíabýrgð.

III.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi vísar til þess að hann hafa veitt stefnanda, og þeim fyrirtækjum sem voru um tíma í samstarfi við stefnanda, áralanga þjónustu með jafnt stærri sem smærri verkefni. Í ljósi ríflega tuttugu ára viðskiptasögu hafi, eins og gengur, stefnandi stundum verið í skuld við stefnda og stundum átt hjá honum inneign eða greitt hafi verið með óhefðbundnum og óreglulegum hætti. Samkvæmt viðskiptayfirliti hafi viðskipti stefnanda og stefnda numið um einni milljón á mánuði. Milli þessara félaga hafi verið eðlilegt viðskiptasamband og stefndi því verið algerlega grandlaus um rekstur, fjárhag og aðstæður hjá stefnanda fyrir gjaldþrotið.

Stefndi hefði engar skýringar fengið á því hvers vegna samstarfi félaganna lauk, en þó verið upplýstur um að það stæði til og þá um leið að slíta félaginu. Stjórn félagsins hefði samþykkt að losa um eignir til að gera upp við kröfuhafa og boðið stefnda greiðslu með skuldabréfi sem hefði verið með líftíma fram yfir þann tíma sem var fyrirhugað að stefnandi yrði starfræktur. Ofgreiðslan skyldi vera inneign eftir síðari tíma samkomulagi inn á [...], en eftir samskipti við fyrrverandi fjármálastjóra stefnanda hafi hún verið lögð inn hjá E ehf. þann 17. nóvember 2015. Stefndi hefði enga hugmynd haft um stöðu stefnanda á þeim tíma og raunar ekki fyrr en honum hefði borist innheimtuviðvörðun frá skiptastjóra 20. maí 2016, sem stefndi hefði hafnað.

Stefndi byggir á því að stefnandi og stefndi séu ekki tengdir aðilar í skilningi laga um gjaldþrotaskipti. Bræðratengsl fyrirsvarsmanna skipti ekki máli, enda séu stefnandi og stefndi tvö félög sem ekki geti verið felld undir 2. tl. 3. gr. gþl. Við skilgreiningu á nákomnum beri að horfa til þess hvort staða þeirra sé þess eðlis að þeir geti haft áhrif á ákvarðanir hvors um sig. Stefndi eigi engan hlut í stefnanda og hafi ekki verið í neinni aðstöðu til að hafa áhrif á ákvarðanir stefnanda. Fyrirsvarsmaður stefnda sé ekki meirihlutaeigandi í stefnda enda sé eignarhlutur hans í gegnum félagið G ehf. í sameign. Þá vísar stefndi til þess að það hafi ekki verið hlutverk þ sem stjórnarformanns að sinna daglegum rekstri stefnanda, enda hafi verið starfandi framkvæmdastjóri í félaginu. Þ hafi látið af afskiptum fyrir stefnanda árið 2013 og hvorki haft aðstöðu né daglega aðkomu hjá stefnanda eftir þann tíma, enda hafi hann farið til starfa annars staðar. Í hluthafasamningi komi fram að hann hafi ekki heimild til að taka ákvarðanir um greiðslur fyrir félagið. Við skýrslutöku hafi komið fram að hann hafi hvorki haft vitneskju um skuldabréfið né að það hefði verði notað sem greiðsla á viðskiptaskuld við stefnda.

Stefndi mótmælir riftun á grundvelli 2. mgr.131. gr. gþl. enda sé hún í andstöðu við kröfugerð málsins sem vísi til riftunar á greiðslu skuldar. Í málinu liggi fyrir að viðskiptaskuld hafi verið til staðar milli aðilanna, sem hafi verið

uppsöfnuð og gjaldfallin. Umrædd greiðsla geti því ekki fallið undir gjöf í skilningi 131 gr. gþl, enda ekki um neinn gjafatilgang að ræða. Fullyrðingum um að engin viðskipti hafi átt sér stað milli stefnanda og stefnda sé mótmælt sem, röngum, ósönnuðum og vanreifuðum. Viðskiptareikningur félaganna beri með sér viðskiptasögu þeirra með tilvísunum til útgefna reikninga. Þá leggi stefndi fram pöntunarseðla frá stefnanda sem skýri viðskiptin og reikninga.

Stefndi byggir á því að hann hafi verið gjaldfær, þrátt fyrir að hafa greitt viðskiptareikning í skil með skuldabréfinu og í raun verið gjaldfær a.m.k. allt til ársins 2015. Á fundi stjórnar félagsins þann 29. júlí 2014, einungis nokkrum dögum áður en skuldin var innt af hendi, hafi verið talið að við slit á starfsemi þess myndu allar eignir standa undir viðskiptaskuldum og verða greiddar fyrir lok ágúst mánaðar það ár. Sú niðurstaða hafi einnig verið í samræmi við ársreikning stefnda fyrir árið 2013. Þá vísar stefndi til þess að skiptastjóri stefnanda hafi staðið því í vegi að raunstaða þrotabúsins kæmi fram, m.a. vegna leiðréttinga á skattskilum sem hafi lækkað heildarkröfur í búið um 57 milljónir eða um 62%. Þá hafi öðrum kröfum verið hafnað.

Stefndi vísar til þess að eigendur félagsins greiddu 36 milljónir í eigið fé við upphaf samstarfsins í ársbyrjun 2014. Rekstrartap á þessum tíma hafi því engin áhrif haft á rekstrarhæfi félagsins heldur gengið á móti framlögðu láni eiganda sem hafi færst á móti neikvæðu eigin fé í skattskilum. Stefndi hafi verið fyllilega gjaldfær 15. ágúst 2014, þrátt fyrir greiðsluna til stefnda, enda búið að semja um að eigendalánin yrðu gefin eftir. Stefndi vísar til þess að ástæða gjaldþrotsins hafi ekkert að gera með umrædda greiðslu til stefnda heldur sé hún sú að þau félög sem slitu sig frá rekstrinum hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 72/2002 um að taka yfir vanefndir forgangskrafna starfsmanna. Skiptastjóri hafi því réttilega hafnað þessum kröfum.

Stefndi byggir að nokkru leyti á sömu sjónarmiðum og hafa verið rakin hér að framan varðandi riftun stefnanda á grundvelli 134. gr. gjaldþrotalaga, bæði hvað varðar umfjöllun um náin tengsl, en af henni leiði að umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi rúmlega sjö mánuðum fyrir frestdag, og vísar til umfjöllunar um 131. gr. sömu laga. Þá byggir stefndi á því að greiðslan hafi verið eðlileg eftir atvikum og að stefndi hafi verið gjaldfær, þrátt fyrir greiðsluna. Milli stefnanda og stefnda og þeirra fyrirtækja sem sameinuðust stefnanda um þjónustu hafi verið áralöng viðskiptasaga. Allar eignir félagsins hafi átt að ganga til fyrri félaga og greiðslu skulda vegna fyrirhugaðra slita stefnda. Greiðslan hafi því verið fyllilega eðlileg eins og aðstæður voru hjá stefnanda þegar hún var innt af hendi.

Stefndi mótmælir riftun á grundvelli 141. gr. gjaldþrotalaga með vísan til þess að greiðslan hafi ekki verið ótilhlýðileg í skilningi ákvæðisins. Þá er því

sérstaklega mótmælt að stefnda hafi verið eða mátt vera ljós fjárhagsstaða stefnanda með vísan til umfjöllunar hér að framan. Engin rekstrarleg tengsl séu á milli stefnanda og stefnda og Þ hafi látið af öllum störfum fyrir stefnanda ári áður en greiðslan var innt af hendi og verið, samkvæmt samningi, óheimilt að hafa afskipti af rekstrinum. Að öðru leyti vísar stefndi til umfjöllunar hér að framan, þ.m.t. um það hvers vegna greiðslueyririnn hafi ekki verið óvenjulegur eins og staða stefnanda var þegar greiðslan fór fram. Ekkert gefi tilefni til að slaka á sönnunarkröfum að þessu leyti sem stefnanda beri að uppfylla. Sú sönnunarfærsla hafi ekki tekist og beri því að sýkna stefnda.

Stefndi telur kröfu um endurgreiðslu ekki dómtæka eins og hún sé sett upp í stefnu. Stefnandi hafi eingöngu byggt málatilbúnað sinn á riftunarreglum gjaldþrotalaga og því komi ekki til greina að fallast á varakröfu hans. Stefndi vísar jafnframt til þess að hann hafi verið í góðri trú um að inna greiðsluna af hendi og gert það samkvæmt fyrirmælum fyrrum fjármálastjóra stefnanda. Stefndi telur því að varakröfunni sé ranglega beint að sér, enda hafi stefndi ekki auðgast á þessari ofgreiðslu heldur E og því beri að beina kröfunni til þess félags. Þá mótmælir stefndi því að Þ hafi komið að þessari ákvörðun, enda liggi engin gögn því til stuðnings.

Stefndi styður þrautavarakröfu sína við þau sjónarmið sem hafa verið reifuð hér að framan, fyrirkomulag þrotabúsins við innheimtu og framgöngu þess við búskiptin. Stefndi vísar til þess að skiptastjóri hafi aldrei rökstutt málatilbúnað sinn með þeim hætti að unnt væri að taka efnislega afstöðu til riftunarkrafna. Stefndi telur því að verði hann dæmdur til að greiða stefnanda einhverja fjárhæð þá verði málskostnaður felldur niður og að dráttarvextir reiknist ekki fyrr en eftir dómsuppsögu. Þá bendir stefndi enn fremur á að í vaxtakröfu stefnanda í aðalkröfu sé stefnda gert að greiða stefnanda vexti á fjármuni sem hann hafi ekki verið búinn að fá greidda þegar vaxtaútreikningur hefst. Umrætt skuldabréf hafi borið að greiða með tíu afborgunum og hafi stefndi því ekki notið þeirra fjármuna fyrr en afborganir voru greiddar af bréfinu.

Niðurstaða

I.

Í málinu er krafist riftunar á greiðslu A ehf. til stefnda sem innt var af hendi 15. ágúst 2015. Frestdagur við skiptin er tæplega sjö mánuðum síðar eða 9. mars 2015.

Stefnandi byggir á því að félögin A ehf. og stefndi hafi verið nákomin í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Þ var á tímabilinu 30. desember 2011 til 8 apríl 2015 stjórnarformaður A ehf. Samkvæmt 44. gr. einkahlutafélagalaga nr. 138/1994 fer félagsstjórn einkahlutafélags með málefni félagsins en getur ráðið framkvæmdastjóra til þess að annast daglegan rekstur. Stefndi heldur því fram að afhending skuldabréfsins hafi átt sér stað 15. ágúst 2015. Á þeim tíma var enginn skráður framkvæmdastjóri í félaginu og enginn eiginlegur rekstur í því, enda slitameðferð fyrirhuguð.

Samkvæmt samkomulagi um slit félagsins, dags. 4. júlí 2014, bar fjármálastjóra að útbúa uppgjör og svara til stjórnar félagsins við það uppgjör. Í vitnaskýrslu fyrir dómi kom fram hjá G, fyrrum fjármálastjóra A ehf., að hann hefði ekki afhent stefnda skuldabréfið á þeim tíma sem hann starfaði hjá félaginu. Í gögnum málsins er að finna kynningu sem hann útbjó fyrir stjórn A ehf. þann 1. september 2014, sama dag og hann hætti störfum hjá félaginu. Þar er umrætt skuldabréf tiltekið meðal eigna félagsins. Í skýrslu fjármálastjórans kom einnig fram að Þ hefði haft afskipti af einstökum ráðstöfunum í skuldauppgjöri félagsins, sbr. einnig dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. [...] og Héraðsdóms Reykjavíkur nr. [...].

Þ var stjórnarformaður A á þeim tíma þegar enginn framkvæmdastjóri var starfandi hjá félaginu. Það fyrirkomulag sem gengið var út frá við uppgjör félagsins miðaðist við að stjórn þess hefði aðkomu að því uppgjöri. Þ var því í aðstöðu til þess að hafa áhrif á ákvörðunartöku félagsins um greiðslu skulda til hagsbóta fyrir sig eða aðila sér nákomna.

K, bróðir Þ, var stjórnarmaður stefnda og jafnframt framkvæmdastjóri og prókúruhafi á þeim tíma sem afhending skuldabréfsins átti sér stað og endurgreiðslan á því sem greitt var umfram skuldina var innt af hendi til E ehf. Hann er eigandi 34,5% hlutfjár í stefnda og jafnframt er hlutafélag í helmingseigu hans eigandi 35,1% hlutar í stefnda.

Stærsti hluthafinn í A ehf. við gjaldþrot félagsins var M ehf., sem að öllu leyti var í eigu eiginkonu Þ, auk þess sem Þ var eini stjórnarmaður þess félags, framkvæmdastjóri og prókúruhafi. M ehf. er einnig eigandi helmings hlutfjár í E ehf. Þá er AS eigandi 12,5% hlutar í E ehf. og stjórnarmaður og prókúruhafi í því félagi, en hún var auk þess eigandi 7,5% hlutar í A ehf. á þeim tíma þegar ofgreiðslan var endurgreidd E.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er litið svo á að félögin A ehf., og B ehf. hafi verið nákomin, sbr. 4. og 5. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Við aðalmeðferð málsins kom fram hjá lögmanni stefnanda og stefnda að óumdeilt væri að raunveruleg viðskipti hefðu átt sér stað milli félaganna og sú viðskiptaskuld hefði verið greidd með afhendingu á skuldabréfi, sbr. enn fremur framlögð gögn um viðskipti félaganna. Greiðsla skuldarinnar, að minnsta kosti að því leyti sem ofgreiðslan er undanskilin, verður því ekki rift á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991.

Riftunarkrafan er einnig reist á 134. gr. gþl. og endurgreiðslukrafan á 1. mgr. 142. gr. þar sem nákomnum hafi verið greidd skuld rúmlega sjö mánuðum fyrir frestdag. Í málinu er óumdeilt, og styðst m.a. við skýrslu K fyrir dómi, að fyrirhugað var að stefnandi greiddi viðskiptaskuld sína við stefnda með peningum. Greiðsla skuldarinnar með skuldabréfi fór því fram með öðrum hætti en til stóð auk þess sem hún var greidd seinna en upphaflega var gert ráð fyrir. Með skuldabréfinu afhenti félagið stefnda verðmæti sem námu hærri fjárhæðum en umrædd viðskiptaskuld. Afhending skuldabréfsins var ekki í samræmi við þær forsendur sem skuldauppgjör félagsins byggðist á samkvæmt þeim kynningum sem liggja fyrir í málinu og lagðar voru fyrir stjórn félagsins 29. júlí 2014 og 1. september 2014.

Á stefnda hvílir sönnunarbyrði um að A ehf. hafi verið gjaldfært þegar skuldabréfið var afhent. Stefndi byggir á því að skuldabréfið hafi verið afhent 15. ágúst 2014. Á þeim tíma er liðinn einn og hálfur mánuður frá því að starfsemi félagsins hafði verði hætt og óformleg slitameðferð var hafin. Fyrir liggur að félagið var rekið með miklu tapi fyrstu sex mánuði ársins 2014. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2012, sem gerður er 8. september 2013, er eigið fé félagsins í árslok 2012 neikvætt um 4.235.638 kr. Samkvæmt ársreikningi sem stefndi leggur fram, undirrituðum af F þann 7. september 2016, er verulegt tap á félaginu bæði rekstrarárin 2013 og 2014. Samkvæmt kynningu þáverandi fjármálastjóra stefnda frá 1. september 2014 og skýrslutöku fyrir dómi var nauðsynlegt að til kæmu einhverjar greiðslur frá eigendum svo að hægt væri að ljúka því uppgjöri sem var fyrirhugað.

Lýstar kröfur í búið námu ríflega 91 milljón króna, en þar af nam krafa Tollstjóra tæplega 55 milljónum. Þó að sú krafa byggji að miklu leyti á áætlunum hefur hún ekki verið lækkuð enda hafa engin skattskil verið gerð í nafni þrotabúsins eða í umboði þess. Þá liggur fyrir að eigendur félagsins treystu sér ekki til þess að leggja fjármuni inn í félagið við fyrirhuguð slit þess eða leysa til sín búið eftir að krafist var gjaldþrotaskipta á því. Með vísan til framangreinds hefur stefndi ekki sýnt fram á að hið gjaldþrota félag hafi verið gjaldfært eftir að greiðslan til stefnda var innt af hendi. Verður því að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar samkvæmt 2. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. gjaldþrotalaga tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum þrotamanns við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskiptin. Frá þeim tíma missir þrotamaðurinn rétt til þess að ráða yfir réttindum sínum og stofna til skuldbindinga svo áhrif hafi gagnvart þrotabúinu. Samkvæmt 3. mgr. 74. gr. gjaldþrotalaga getur grandlaus þriðji maður unnið rétt á hendur þrotabúinu ef það gerist á meðan innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna hefur ekki birst í Lögbirtinga-blaðinu. Stefndi endurgreiddi umrædda ofgreiðslu samkvæmt fyrirmælum AS þann

17. nóvember 2015 inn á reikning E ehf., eftir að innköllun skiptastjóra um að bú félagsins hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta hafði tvívegis, þann [...], birst í Lögbirtingablaðinu. Sú greiðsla gat ekki leyst hann undan greiðsluskyldu til stefnanda.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 142. gr. verður stefndi dæmdur til að greiða þrotabúinu þá fjárhæð sem hann fékk í hendur. Dráttarvextir af 1.482.922 kr. verða dæmdir frá 20. júní 2016, en þá var liðinn mánuður frá því að stefnandi krafðist greiðslu á þeirri fjárhæð, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Dráttarvextir af heildarfjárhæðinni, 5.665.912 kr., reiknast frá 11. ágúst 2016, en þá var liðinn mánuður frá því að lýst var yfir riftun á 4.182.990 kr.

Við ákvörðun málskostnaðar ber að líta til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þess að frávísunarkröfu stefnda var hafnað og eðlilegs umfangs málsins. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til þess að stefnandi hefur höfðað fleiri riftunarmál sem byggja að nokkru leyti á sameiginlegri gagnavinnu.

DÓMSORÐ

Stefndi greiði stefnanda 5.665.912 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 1.482.922 krónum frá 20. júní 2016 til 11 ágúst 2016 en af 5.665.912 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Helgi Sigurðsson (sign.)